

Kæru nemendur og aðstandendur.

Við stjórnendur sendum ykkur þennan póst til upplýsinga um stöðuna í þeim málum sem við erum að vinna í.

- MH verður fyrsti framhaldsskólinn til að veita viðtöku nýrri aðgerðaáætlun mála er varða einelti, kynferðislega áreitni og kynferðislegt ofbeldi. Aðgerðaáætlunin er unnin af Sambandi íslenskra framhaldsskólanema og menntamálayfirvalda og verður vinnunni lokið á næstu vikum.
- Kynheilbrigðisáfangi er í boði fyrir nemendur á næstu önn en hann hefur verið í undirbúningi síðan í september. Mjög góðar viðtökur hafa verið hjá ykkur nemendum og rúmlega 80 skráð sig þegar þetta er ritað. Áfangi í kynjafræði er áfram í boði samhliða fyrrgreindum áfanga.
- Auka á kyn- og kynjafræðslu í öllum lífsleikniáföngum og NFMH mun jafnframt auka sína fræðslu til nemenda. Fræðsla verður á starfsmannafundum og fer fyrsti fyrirlesturinn fram á föstudag.
- Sérstakur tilkynningahappur hefur verið settur á heimasíðuna þar sem hægt er að tilkynna um einelti, kynferðislega áreitni eða kynferðislegt ofbeldi innan MH.
- Utanumhald um þolendur er aukið og þeir fá að njóta þess sveigjanleika í náminu sem aðstæður krefjast. Náms- og starfráðgjafar auk sálfræðings sjá um að þjónusta nemendur og gera kennurum viðvart þegar aðstæður kalla á sérstakan sveigjanleika.
- Skólinn mun gera allt í sínu valdi til að tryggja að meintir gerendur og meintir brotþolar séu ekki saman í áföngum og bjóða upp á úrræði þar sem nemendur geta stundað námið heima hjá sér í samvinnu við kennara. Hvert mál er metið og hvaða úrræði henta best í samvinnu við nemendur.
- Virkt samtal hefur verið við hagsmunaaðila til að tryggja málum réttan farveg.

Við trúum því að við séum á réttri leið og samvinna stjórnenda, starfsfólks og nemenda skiptir öllum máli. Við erum sterk liðsheild sem getur komist yfir allar hindranir, jafnvel þó þær virðast stundum óyfirstíganlegar.

kær kveðja,

Steinn, Helga og Pálmi

Dear students and guardians.

We the administrators are sending this post to inform you about recent days.

- MH will be the first secondary school to receive a new action plan regarding bullying, sexual harassment, and sexual abuse. The action plan is processed by The Icelandic Upper Secondary Student Union (SÍF) and the educational authorities, and the work will be finished in the next few weeks.
- A sexual health class will be offered for students in the next semester, and it has been in preparation since September. The reception among you students has been very good and a little over 80 have signed up for the class when this is written. A class in gender studies will also continue to be offered concurrently with this class.
- Education in sexual and gender studies will be increased in all life skills classes and NFMH (The students association in MH) will also increase their education to students. Education will be offered in staff meetings and the first lecture will be held next Friday.

- A special reporting button has been put on the school's home page where it is possible to report bullying, sexual harassment, or sexual abuse within MH.
- Overall management for the abused is increased and they will be allowed the flexibility in their studies as each situation requires. The school councillors in addition to the school psychologist will be responsible for the service for the students and will alert the teachers when the situation requires special flexibility.
- The school will do everything in its power to ensure that the alleged perpetrator and the alleged victim are not together in the same classes and offer solutions where students can study at home in collaboration with teachers. Each situation is evaluated, and which solution is best suited in collaboration with students.
- An active conversation has been ongoing with each stakeholder to ensure that cases are directed in the right course.

We believe that we are on the right track and that the cooperation of school authorities, staff and students is important to everyone. We are a strong team that can overcome any obstacle, even if it seems impossible at times.

Kær kveða,
Steinn, Helga og Pálmi